



Kópavogslækurinn

Umhverfi Kópavogslækjarins hefur fyrr á öldum verið hluti mikilla atburða í tengslum við Kópavogspingstaðinn. Á nokkrum stöðum hafa menn fundið dysjar sakamanna sem líflátnir voru á þingstaðnum. Þekktustu dysjarnar eru alveg við lækinn og má þar nefna Systkinaleiði, sem reyndar fór undir Hafnarfjarðarveginn snemma á síðustu öld, en öllu þekktari eru þó Hjónadysjar, sem voru austan megin við veginn og voru opnaðar 1988 áður en Hafnarfjarðarvegurinn var breikkaður það ár. Fundust þar beinagrindur karls og konu og hafði karlinn verið hálshöggvinn. Reyndust þar vera komnar jarðneskar leifar þeirra Steinunnar Guðmundsdóttur og Sigurðar Arasonar frá Árbæ, en þau voru líflátnir á Kópavogspingstað árið 1704, sek fundin um að hafa myrt Sæmund, eiginmann Steinunnar. Hafði Sigurður slegið hann í höfuðið með fótafjöf af rokki og síðan hrundið honum í Skútufoss í Elliðaám, þar sem þeir voru við veiðar. Var Sigurður hálshöggvinn á þingstaðnum en Steinunni drekkt í Kópavogslæknum, sem var nýlunda því áður hafði verið drekkt í Elliðaám syðri. Mun þetta vera síðasta aftakan sem fram fór í Kópavogi.

Áður en Kópavogslækurinn var brúaður í lok 19. aldar gat hann verið mikill farartálmi þegar leysingar voru miklar. Þó voru á læknum vöð sem menn fóru yfir, en gátu verið varasöm þegar vatnavextir voru miklir. Þann 1. mars 1874 drukknuðu tvö ungmenni í læknum. Tildrög slyssins voru þau að þennan dag höfðu þrjú barna Árna Björnssonar bónda í Hvammkoti (síðar Fífuhvammi) farið til

Reykjavíkur til kirkju með frændkonu þeirra, sem gekk til prests. Að áliðnum degi héldu systkinin 3 heimleiðis, en er þau komu að lækninum var hann í foráttuvexti vegna mikilla leysinga um daginn. Ætluðu þau yfir á broti eða vaði sem þau þekktu og fór Árni yngri 15 ára fyrstur þá Sigríður Elísabet 17 ára og síðust Þórunn 19 ára og leiddust þau út í lækinn.

Miðja vegu missti Árni fótanna og féll hann í lækinn. Ætluðu systur hans að grípa til hans en féllu þá báðar í strenginn. 70–80 föðumum neðar skolaði Sigríði Elísabetu á grynningar þar sem hún gat fótáð sig og komist heim til bæja. Fór faðir þeirra ásamt næturgestum er þar voru strax til lækjarins, sem þá var orðinn með stíflum og jakaburði. Fundu þeir eldri stúlkuna eftir nokkra leit á jaka í ánni og var hún látin, en drengurinn fannst ekki fyrr en daginn eftir.

Mikið var um þetta skrifað í blöðum sérstaklega Þjóðólfi, sem séra Matthías Jochumsson ritstýrði um þær mundir. Þar birtist kvæði Matthíasar um þessa atburði er hann nefndi „Börnin frá Hvammkoti“. Örfáum árum síðar var loksins komin brú á þennan farartálma, sem svo margir höfðu orðið fyrir barðinu á í gegnum aldirnar.



Börnin frá Hvammkoti

Þrjú stóðu börnin við beljandi sund, næddi vetrarnótt yfir nákalda grund

Dauðinn er lækur, en lífið er strá, skjálfandi starir það straumfallið á.

En lækurinn þrumdi við leysingarfall, fossaði báran og flaumiðan svall.

Hímdu þar börnin við helþrunginn ós; huldu þá sín augu guðs við blásalaljós.

Hlökkudu hjörtun, svo heimkomufús, hinumegin vissu sín foreldrahús.

Varið ykkur, blómstrá á bakkanum föst, bráðum snýst sá lækur í fossandi röst.

Hálfrætt og hálfgeið hlustar það til, dunar undir bakkanum draumfagurt spil.

Langt að baki er kirkjan er komum við frá, en foreldranna faðmur er handan við á.

Hjörtu kveða grátlag, sem heyra þeirra fár. Herrann einn má græða vor forlagasár.

Í Jesú nafni úti, því örskammt er heim. – En engill stóð og bandaði systkinum tveim.

Eitt sá tómt helstrið – og hjálpaðist að, hin sáu guðs dýrd og bárust í kaf.

Foreldrarnir tíndu upp barna sinna bein, en báran kvað grátlag við tárugan stein.

Brostin voru barnanna bráljósín skær, brostu þá frá himninum smástjörnur tvær.

Dauðinn er hafsjór, en holdið er strá, en sálin er sundlétt og sökkva ei má.

Matthías Jochumsson, 1835–1920

